



Til: Svava Pétursdóttir <svava.petursdottir@umhverfisstofnun.is>
Efni: Re: Umsagnarbeiðni skv. símtali
Upplýsingar: Sent: 27.11.2017 09:19:15 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2017060006, Bréfalyklar: 42-0 Ums almennt

Tilvísun í mál: 2017060006

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts, dags. 24. nóvember sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Flugleiðahótela um leyfi til að stækka og lagfæra Hótel Reynihlíð í Mývatnssveit þ.m.t. að koma upp nýju hreinsivirki til að hreinsa skólp frá hótelinu og nærliggjandi byggð.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir erindið og þær breytingar sem hafa orðið á málinu frá upphafi þess. Með vísan til annars vegar fyrri umsagna stofnunarinnar þar sem m.a. kemur fram að ekki er gerð athugasemd við stækkun hótelsins en að nauðsynlegt sé að hreinsa vel skólp frá hótelinu og hins vegar niðurstöðu Skipulagsstofnunar um að nýtt hreinsivirki skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum gerir Náttúrufræðistofnun ekki athugasemd við framangreinda framkvæmd.

Virðingarfyllst

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
Pósthólf 125 (P.O. Box 125)
212 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is



Frá: Svava Pétursdóttir <svava.petursdottir@umhverfisstofnun.is>
Dags: 24.11.2017 16:56:37
Til: Trausti Baldursson <trausti@ni.is>
Efni: Umsagnarbeiðni skv. símtali

Sæll Trausti,

Samkvæmt símtali sendist hér með umsagnarbeiðni.

Líkt og kunnugt er vinnur Umhverfisstofnun nú að afgreiðslu umsóknar Flugleiðahótela um stækkun og lagfæringar á Hótel Reynihlíð í Mývatnssveit. Áður hefur verið óskað eftir umsögn

frá Náttúrufræðistofnun Íslands, en síðan þá hafa forsendur umsóknar breyst og hyggst framkvæmdaraðili nú koma upp hreinsivirki til að hreinsa það skólp sem kemur frá hótelinu og nærliggjandi byggð í samræmi gildandi lög og reglur. Greinargerð þar sem hreinsivirki er lýst er meðfylgjandi í viðhengi. Skipulagsstofnun hefur komist að þeirri niðurstöðu að framkvæmdir vegna hreinsivirkis séu ekki háðar mati á umhverfisáhrifum sbr. niðurstöðu í viðhengi.

Umhverfisstofnun óskar hér með eftir upplýsingum um hvort að Náttúrufræðistofnun Íslands geri athugasemdir við framkvæmdina með þeim breytingum sem fram koma í pósti þessum, í samræmi við hlutverk NÍ.

Umhverfisstofnun óskar eftir því að umsögn þessi berist svo fljótt og auðið er.

Umsagnarbeiðni þessi er ekki send bréfleiðis nema sérstaklega verði óskað eftir því.

Bkv. Svava

Bestu kveðjur, Best regards

Svava Pétursdóttir

Lögfræðingur, Lawyer

Svið samþættingar, Department of Integration

cid:image001.png@01D0778A.10D8CBE0

Umhverfisstofnun, Environment Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík, Iceland

Sími / Phone: +354 591 2000

Bréfasími / Fax: +354 591 2010

Veffang / Webpage: [Http://www.ust.is](http://www.ust.is)

DISCLAIMER / UM TÖLVUPÓSTINN: <http://www.ust.is/disclaimer>